

**Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti**

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Efnahags- og viðskiptanefnd**
Sendandi: **Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið**
Dagsetning: **01.02.2013**
Málsnúmer: **ANR12090513**
Bréfalykill: **4.1.6**

Efni: Viðbótarathugasemdir við frumvarp til laga um neytendalán

Drög að frumvarpi til laga um neytendalán voru unnin af nefnd sem þáverandi efnahags- og viðskiptaráðherra skipaði 25. maí 2011 (frumvarpsnefndin). Vegna yfirferðar þeirra umsagna sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd ákvað ráðuneytið að kalla frumvarpsnefndina aftur saman til aðstoðar við yfirferð og mat á umsögnum auk þess að ljúka vinnu við drög að reglugerðum þeim sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Umsögn ráðuneytisins, sem byggðist að mestu leyti á tillögum frumvarpsnefndarinnar, var send efnahags- og viðskiptanefnd þann 27. nóvember 2012.

Á fundi frumvarpsnefndarinnar þann 31. janúar 2012 var ákveðið að senda efnahags- og viðskiptanefnd tvær viðbótarathugasemdir.

2. gr. Takmarkanir á gildissviði.

Fyrri athugasemdin lítur að 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins sem kveður á um að ef lántaki er kominn í vanskil þá gildi aðeins nánar tilgreind ákvæði frumvarpsins um samkomulag hans og lánveitanda um frestun greiðslna eða breyttar greiðsluaðferðir, þ.e. að því gefnu að líklegt sé að fyrirkomulagið komi í veg fyrir mögulegan málarekstur vegna vanskila og lántaki þurfi ekki að hlíta óhagstæðari skilmálum en þeim sem mælt er fyrir um í upphaflegum lánessamningi.

Frumvarpsnefndin telur óheppilegt að orðalag 3. mgr. 2. gr. tilgreini að lántaki þurfi að vera kominn í vanskil svo að ákvæðið gildi um samkomulag á milli hans og lántaka. Telja verður æskilegt að lántaki sem sér fram á að hann geti ekki staðið í skilum með sínar skuldbindingar geti, þá þegar, áður en hann kemst í vanskil með tilheyrandi kostnaði og óþægindum samið um skilmálabreytingu viðkomandi lánessamnings án þess að þurfa að fara í gegnum allt lánveitingarferlið frá grunni, þ.m.t. lánshæfis- og greiðslumat skv. 10. gr. frumvarpsins. Þetta skiptir sérstaklega máli í ljósi þess að samkvæmt 3. mgr. 10. gr. frumvarpsins þá er lánveitanda óheimilt að veita lán ef lánshæfis- eða greiðslumat leiðir í ljós að lántaki hafi augljóslega ekki fjárhagslega burði til að standa í skilum með lánið. Það gefur auga leið að ef lántaki getur ekki staðið í skilum við lánessamning þá er ólíklegt að hann standist lánshæfis- og greiðslumat vegna skilmálabreytingar. Sem dæmi um slíkar aðstæður er lántaki sem missir vinnuna tímabundið. Að óbreyttu mætti skilja ákvæði frumvarpsins sem svo að lánveitanda sé óheimilt að létta undir greiðslubyrði tímabundið með skilmálabreytingu sökum aðstæðna viðkomandi, þ.e. nema viðkomandi lánessamningur sé þegar kominn í vanskil.

Innleiðingarnefndin leggur til að í stað orðins „vanskil“ í 3. mgr. 2. gr komi: greiðsluerfiðleika. Með þeirri breytingu yrði lánveitanda heimilt að reyna að koma til móts við lántaka sem sér fram á skerta greiðslugetu vegna breytinga á aðstæðum áður en eiginleg vanskil koma til.

Vert er að nefna að 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins felur í innleiðingu á 6. mgr. 2. gr. tilskipunar 2008/48/EB sem kveður á um að undanþágan eigi aðeins við „where the consumer is already in default on the initial credit agreement“. Hér er því lögð til aðlögun að landsrétti sem samræmist ekki

fullilega orðalagi tilskipunarinnar en er að mati innleiðingarnefndarinnar réttlætanleg m.t.t. ofangreindra sjónarmiða og þess að frumvarpið gengur lengra heldur en tilskipunin að því leitinu til að í henni er ekki fjallað um bann við lánveitingu ef lántaki stenst ekki lánshæfis- eða greiðslumat.

11. gr. aðgangur að gagnasafni

Í 9. gr. tilskipunar 2008/48 er fjallað um aðgang að gagnagrunnum (e. database), en í 11. gr. frumvarpsins er hins vegar talað um „gagnasafn“. Oft er ekki gerður greinarmunur á þessum tveimur hugtökum, þó merking þeirra sé ekki sú sama. Gagnagrunnur er safn upplýsinga sem er geymt í tölvu á skipulagðan hátt til þess að forrit geti svarað spurningum um gögnin, á meðan gagnasafn er aðeins safn gagna.

Innleiðingarnefndin leggur til að tilvísunum frumvarpsins til gagnasafna verði breytt í tilvísun til gagnagrunna til samræmis við tilskipunina. Með þeirri breytingu næst auk þess samræmi í hugtakanotkun frumvarpsins þar sem í skilgreiningu á hugtakinu lánshæfismat er vísað til „gagnagrunna um fjárhagsmálefni og lánstraust“, sbr. i. liður 5. gr.

Samantekt á tillögðum breytingum á frumvarpi til laga um neytendalán

Í stað orðins „vanskil“ í 3. mgr. 2. gr kemur: greiðsluerfiðleika.

Í stað orðins „gagnasafni“ í q. lið 4. mgr. 7. gr. og j. lið 2. mgr. 8. gr. kemur: gagnagrunni

Fyrirsögn III. kafla frumvarpsins verður: Aðgangur að gagnagrunni.

Fyrirsögn 11. gr. frumvarpsins verður: Aðgangur að gagnagrunni.

Í stað orðins „gagnasöfnum“ í 1. mgr. 11. gr. kemur: gagnagrunnum.

Í stað orðins „gagnasafni“ í 2. mgr. 11. gr. kemur: gagnagrunni.

Í stað orðsins „gagnasafnið“ í 2. mgr. 11. gr. kemur: gagnagrunninn.